

Ársskýrsla ríkissáttasemjara 2011

Ríkissáttasemjara er gert samkvæmt lögum að fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífnum um allt land, þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi á vinnumarkaði. Þá ber honum að senda velferðarráðherra skýrslu um störf sín minnst árlega. Starfsemi embættisins var með meira móti á árinu 2011. Í upphafi árs voru nánast allir kjarasamningar lausir og fleiri kjaradeilum var vísað til meðferðar hjá sáttasemjara en um langt árabíl. Erfið viðfangsefni í efnahagsmálum settu einnig mark sitt á viðræður viðsemjenda á vinnumarkaði. Kjarasamningar með þátttöku launþegahreyfinga, vinnuveitenda og stjórnvalda voru einnig einkennandi á árinu 2011. Viðburðarríkt ár gefur tilefni til að gera ítarlegri grein fyrir starfsemi sáttasemjara en oft áður.

1. Efnahagsaðstæður við upphaf samninga

Í lok júní 2009 var gerður þríhliða samningur á vinnumarkaði, þ.e. af vinnuveitendum, launþegahreyfingunni og stjórnvöldum, um tilteknar aðgerðir í efnahagsmálum. Samkomulag þetta hefur gengið undir nafninu „Stöðugleikasáttmáli“. Í kjölfarið gerðu mörg stéttarfélag kjarasamninga á grundvelli þess sem í stöðugleikasáttmálanum fólst. Önnur félag komu síðan í kjölfarið og stóðu samningaviðræður yfir það sem eftir lifði árs 2009 og fram eftir árinu 2010. Þessir kjarasamningar giltu almennt til loka nóvember/desember 2010 og fólu fyrst og fremst í sér launahækkanir ýmist í formi krónutölu og/eða hlutfalla. Minna var um breytingar á öðrum ákvæðum kjarasamninga.

Efnahagsaðstæður í landinu haustið 2010, í aðdraganda nýrra kjarasamninga, voru þær að spáð var að botninum væri náð í samdrætti hagkerfisins og að efnahagsbati væri framundan á árinu 2011 og 2012. Hagstofa Íslands gaf út þjóðhagsspá 23. nóvember 2010 og aðra slíka 4. apríl 2011 þar sem því var spáð að verg landsframleiðsla (VLF) mundi vaxa um 1,9% (2,3%) árið 2011 og ívið meira 2012 eða um 2,9% (2,9%)¹. Þá voru taldar horfur á verulegum afgangi á vöruviðskiptum við útlönd þó svo halli yrði á viðskiptajöfnuði vegna fjármagnshreyfinga.

Spáð var að verðbólgan yrði um 2,5% á árinu 2011 og aftur 2012 enda höfðu kjarasamningar þá ekki verið gerðir. Raungengi krónunnar hrapaði í október 2008 og var því spáð að það styrktist lítillega eða um 2,9% (0,6%) 2011 og um 1,5% árið 2012 frá því sem var 2010. Breyting á stöðu gengisins var ekki talin breyta samkeppnistöðu útflutningsgreinanna svo neinu næmi eða auka á hraða verðbólgunnar. Og horfur um atvinnu höfðu glæðst því heldur hafði dregið úr atvinnuleysi en það mældist 7,4% undir lok árs 2010 þegar Alþingi hafði fjárlagafrumvarp fyrir árið 2011 til meðferðar.

¹ Þjóðhagsspár Hagstofu Íslands, 23. nóvember 2010. Í sviga eru spátölur 4. apríl 2011.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar var lögð áhersla á aðhald í ríkisfjármálum til þess að hraða aðlögun ríkisbúskaparins og efnahagslífsins að breyttum aðstæðum. Samneysla hins opinbera; ríkissjóðs, almannatrygginganna og sveitarfélaganna dróst saman um 3,4% árið 2010 og efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ríkisstjórnarinnar fól í sér áframhaldandi samdrátt 2011 og 2012. Spáð var að með aðhaldsaðgerðum stjórnvalda í fjárlögum drægist samneysla saman um 4,3% 2011 og um 2,2% 2012. Ríkissjóði var því þröngur stakkur skorinn til þess að greiða fyrir kjarasamningum þó svo lítillaga hafi verið slakað á aðhaldsaðgerðunum á lokastigum afgreiðslu fjárlaga.

Fjölmargar efnahagsaðgerðir stjórnvalda voru umdeildar, eins og jafnan, enda fólu fjárlögin 2011 í sér skatta- og útgjaldaákvæðanir sem höfðu mikla þýðingu fyrir kjarasamningagerðina sem í hönd fór. Aðilar vinnumarkaðarins voru samtaka með stjórnvöldum um að gera þyrfti allt til að örva hagvöxt og vinna að því að draga úr atvinnuleysi. Ágreiningur var nokkur um þær leiðir sem fara skyldi í þessu efni. Fyrir launþega skipti verulegu máli að kaupmáttur launa og tekna fólks hrapaði ekki frekar en orðið var en hann hafði dregist mikið saman frá árinu 2007/8. Fyrir atvinnulífið skipti aftur á móti meginmáli að umsvif ykjust í landinu og að samkeppnisstaða fyrirtækjanna yrði viðunandi. Hér valt einkum á gengi krónunnar fyrir útflutningsgreinarnar, vaxtastigi og álögum hins opinbera. Lagt var að hinu opinbera að örva atvinnulífið með opinberum framkvæmdum og hófstilla aukna skattlagningu á atvinnufyrirtækin. Fyrir launþegana komu einkum til skoðunar áform og ákvæðanir um skattlagningu tekna og neyslu og hækkun bóta til þeirra sem þeirra njóta. Þá var skuldastaða heimila og fyrirtækja sameiginlegt viðfangsefni.

Við ríkjandi aðstæður í þjóðfélaginu var ljóst að nýir kjarasamningar yrðu tæplega gerðir án þátttöku stjórnvalda. Náð samráð varð því milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í aðdraganda nýrra kjarasamninga haustið og veturinn 2010 og 2011 enda talið nauðsynlegt ættu samningarnir að geta náð efnislegum tilgangi sínum og gilda til lengri tíma. Samningar á almennum vinnumarkaði tókust síðan 5. maí 2011 og gilda almennt til 2014. Kjarasamningar á opinbera vinnumarkaðinum fylgdu í kjölfarið. Hiklaust má telja samningana veigamikinn þátt í því að koma á stöðugleika í efnahagslífinu til lengri tíma litið.

Í aðdraganda kjarasamninganna haustið 2010 var ljóst að einkum þrennt skipti mestu fyrir gerð þeirra: a) *samkeppnisstaða og rekstrarhorfur fyrirtækja*, b) *kaupmáttarþróun og kaupmáttarhorfur launa/tekna launafólks* og c) *atvinnuástandið í landinu*.

Samkeppnisstaða og rekstrarhorfur

Launakostnaður fyrirtækja hafði fram til ársins 2008 farið síhækkandi í framleiðslukostnaði vegna sterkrar stöðu krónunnar á gjaldeyrismörkuðum og launahækkana umfram verðbreytingar. Á móti þessu vó hagstæð verðþróun á erlendum mörkuðum og mikil eftirspurn eftir vörum eins og áli, fiski og vissri iðnaðarframleiðslu. Á hitt ber að líta að aðrar útflutningsgreinar, eins og ferðaþjónustan, áttu á brattan að sækja vegna sterkrar stöðu krónunnar. Eftir hrun krónunnar 2008 breyttist samkeppnisstaða útflutningsgreina verulega til hins betra. Hins vegar var atvinnulífinu mótdrægt að innlend eftirspurn dróst saman með tilheyrandi afleiðingum fyrir fyrirtækin og ríkissjóð. Ríkið jók að sínu leyti hvers konar álögur

á atvinnulífið s.s. með hækkun tryggingagjalds til að standa undir atvinnuleysisbótum og öðrum skattaálögum og gjaldtöku. Þegar öllu er á botninn hvolft var ljóst þegar kjaraviðræður hófust að samkeppnisstaða útflutningsgreinanna var önnur og betri en heimagreinanna. Hér höfðu orðið umskipti frá því sem var fyrir 2008. Varhugavert gat reynst að láta útflutningsgreinarnar leiða launaþróun sem gengju yfir allan vinnumarkaðinn en jafn erfitt var að líta framhjá þeirri staðreynd að laun í útflutningsgreinunum höfðu dregist aftur úr á árunum þegar gengi krónunnar var hvað sterkast. Það var sameiginlegt viðfangsefni vinnuveitenda og launþega hvernig með mismunandi getu fyrirtækja og atvinnugreina til launagreiðslna skyldi fara.

Kaupmáttarhorfur

Gögn sýndu að kaupmáttur launa hafði fallið um 12,2% frá síðasta aðalkjarasamningi í janúar 2008 til jafnlengdar 2010. Viðurkennt var að útilokað væri að vinna upp kaupmáttarhrapið í einni andrá. Athugun sýndi að kaupmáttur reglubundinna launa ASÍ-félaga á almennum markaði hafði rýrnað um 5,9% frá september 2006 til september 2010 en efnahagskerfið var í betra jafnvægi 2006 heldur en það var 2008.² Á tímabilinu hafði verðlag hækkað um 36,5% en umsamdar launahækkanir á tímabilinu vógu þar nokkuð á móti. Á opinbera markaðinum hafði kaupmáttur launa dregist enn meira saman eða um 7,1-8,4%, allt eftir því hvaða stéttarfélög og bandalög opinberra starfsmanna áttu í hlut. Rauntekjur fólks féllu enn meira því í kjölfar hrunsins var víða dregið úr vinnu fólks, greiðslur umfram kjarasamninga lækkaðar eða felldar niður og fleiri aðgerðum beitt til þess að draga úr launakostnaði fyrirtækja og hins opinbera.

Samtökum launafólks var umhugað um að samið yrði um aukinn kaupmátt launa (hækkun raunlauna) fremur en um nafnlaunabreytingar. Á þessu sýndu vinnuveitendur fullan skilning enda felast gagnkvæmir hagsmunir í því að kaupmáttur launa og þar með einkaneysla haldist á viðunandi stigi. Sé litið yfir tímabilið 1997 til 2006 hafði kaupmáttur launa vaxið að meðaltali um 3% á ári og verið viss drifkraftur í efnahagslífinu. Kröfur launþegahreyfinganna um launahækkanir miðuðust við að endurheimta hluta þeirrar kaupmáttarskerðingar sem launamenn höfðu sannanlega orðið fyrir. En líkt og á við um afkomu fyrirtækjanna og getu þeirra til að greiða laun skiptu aðgerðir stjórnvalda miklu máli fyrir kaupmátt launa. Skattabreytingar, jöfnunaraðgerðir í skattakerfinu og ýmsar gjaldaálögur hafa afgerandi áhrif á ráðstöfunartekjur og kaupmátt tekna heimilanna.

Atvinnuástand

Atvinnuástandið í landinu setti sterkan svip á forsendur kjarasamninga haustið 2010. Atvinnuleysið mældist 7,4% á fjórða ársfjórðungi 2010 og fólksflutningar úr landi voru öllum áhyggjuefni. Óvissa um atvinnuhorfur bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði hélt án efa aftur af kröfum um launahækkanir. Tölur Hagstofunnar sýndu að einkafyrirtæki höfðu gert meira af því að fækka fólki og draga úr vinnu á árunum 2008 til 2010 heldur en hið opinbera. En í ljósi þess samdráttar í rekstri sem boðaður var hjá ríki og sveitarfélögum voru starfsmenn hins opinbera óvissir um atvinnuhorfurnar.

² Athugun sáttasemjara á kaupmætti, dags. 17. janúar 2011.

Hagstofan tekur reglulega saman upplýsingar um vinnumarkaðinn³ og þróun hans. Hér er litið til ára 2006 til 2011.

Tafla 1: Atvinnuþátttaka, hlutfall starfandi og atvinnuleysi, 2006-2011

	Mæling m.v. 4. ársfjórðung hvers árs			
	2006	2008	2010	2011
Fjöldi á vinnumarkaði, 16-70 ára	212,3	223,8	223,9	224,1
Atvinnuþátttaka %	82,1	81,5	79,9	78,4
Hlutfall starfandi á vinnumarkaði	80,0	78,2	74,0	73,7
Hlutfall atvinnulausra	2,5	4,0	7,4	6,0
Fjöldi atvinnulausra	4,300	7,400	13,200	10,600
Heildarvinnutími, klst.	42,3	38,9	38,3	39,3

Tölurnar hér að ofan eru lýsandi um breyttar aðstæður á vinnumarkaði hér á landi. Fyrst er að nefna að fólki hefur ekki fjölgað á vinnumarkaði milli 2008 og 2011. Skýringin á því er vel þekkt og liggur mest í fólksflutningum til annarra landa en heildaríbúafjöldi í landinu er í árslok 2011 sá sami og var 2008, um 320 þúsund manns. Samsetning fólks á vinnumarkaði hefur aftur á móti breyst vegna búferlaflutninga.

Atvinnuþátttaka 2011 er sú lægsta sem Hagstofan hefur mælt frá upphafi vinnumarkaðsrannsókna árið 1991 og eftirtektarvert er einnig að hlutfall þeirra sem eru starfandi af heildarvinnuaflinu hefur lækkað enn meira eða um 6,3 prósentustig frá 2006 og er spegilmynd af atvinnuástandinu. Loks má benda á að vinnutími styttest töluvert milli ára 2006 og 2008. Hins vegar virðist sem vinnutími þeirra sem eru starfandi sé aftur farinn að lengjast 2011. Frekari greining á vinnumarkaðinum er áhugaverð s.s. breytingar annars vegar á almenna vinnumarkaðinum og hins vegar þeim opinbera.

Í stórum dráttum voru þetta þær aðstæður sem giltu þegar unnið var að gerð nýrra kjarasamninga haustið og veturinn 2010 og 2011. Í ljósi þess sem áður segir var ljóst að aðild stjórnvalda að kjarasamningunum var mikilvæg ef ekki óhjákvæmleg. Ríkisvaldið keppti að því að koma á stöðugleika í efnahagsmálum og þar skiptu kjarasamningar til lengri tíma verulegu máli. Ríkið stóð frammi fyrir því að þurfa að leggja nokkuð af mörkum til samningagerðarinnar en var á hinn bóginn bundið af samningum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um skjóta aðlögun ríkisbúskaparins að breyttum aðstæðum. Miklar væntingar voru bundnar við loforð og ákvarðanir ríkisins við undirbúning og gerð kjarasamninganna. Sumu var hrundið í framkvæmd á árinu 2011, annað kom fram í fjárlögum ársins 2012 og enn önnur málefni eru bitbein stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Þegar horft er til baka er tvennt sem vekur til umhugsunar: Annað er það að gagnlegt gæti verið að enn meiri fagleg vinna færi fram til undirbúnings kjarasamningum á vinnumarkaði, svo sem um þróun kaupmáttar launa, ástand á vinnumarkaði og afkomu og samkeppnisstöðu atvinnugreina. Í nálægum löndum er víða lögð mikil vinna í slíkan undirbúning. Hitt er einnig

³ Hagstofa Íslands, Vinnumarkaður

á hugavert athugunarefni, þ.e. hvernig best verður staðið að gerð kjarasamninga þegar þrír koma að máli; vinnuveitendur, launþegar og ríkisvaldið. Síðustu samningar undirstrika mikilvægi þess að allir þrír hafi sama skilning á efni þess sem um er samið.

2. Sameiginleg aðild að gerð samninga

Í nóvember 2010 voru umleitanir meðal helstu aðila vinnumarkaðarins hvort og að hvaða marki grundvöllur væri fyrir sameiginlegri vinnu að undirbúningi og gerð kjarasamninga. Í lok nóvember 2010 voru haldnir fundir til þess að kanna hug forsvarsmanna bandalaga, stéttarfélaganna og vinnuveitenda til þessa en niðurstaðan varð sú að leiðir skildu milli aðila á almennum markaði og opinberum við kjarasamningagerðina. Sáttasemjari athugaði í framhaldinu hjá helstu samtökum vinnuveitenda og launþega hvort þau styddu að á sínum vegum yrði unnið sameiginlega að tiltekinni gagnaöflun sem nýst gæti við gerð kjarasamninga. Hugmyndin naut stuðnings og var því leitað til helstu samtaka vinnuveitenda og launafólks auk Hagstofu Íslands um gagnaöflun og úrvinnslu þeirra. Unnið var að þrem verkefnum:

Fyrst er að telja athugun á *kaupmætti launa* og hvernig hann hefur sveiflast á síðari misserum. Valið var upphafsár samanburðar þegar sæmilegt jafnvægi ríkti á vinnumarkaði og í efnahagslífinu. Gögn voru skoðuð fyrir mismunandi hópa launafólks og helstu ástæður kaupmáttarbreytinga skýrðar enda liggja þar að baki skattabreytingar, gjaldtökur og eiginlegar launahækkningar.

Í annan stað lá fyrir haustið 2010 að ákvarðanir og áform ríkis og sveitarfélaga um tekju- og gjaldaaðgerðir á árinu 2011 skipta miklu um þróun *kaupmáttar tekna* einstaklinga og fyrir afkomu fyrirtækja. Fyrir lá að þeir samningar sem í hönd færu myndu snúast um kaupmátt og stöðugleika. Því var ákveðið að meta áhrif fjölmargra aðgerða í opinberum fjármálum á afkomu fólks og fyrirtækja.

Loks var tilraun gerð til að meta áhrif aðgerða hins opinbera á störf hjá ríki og sveitarfélögum. Samtök opinberra starfsmanna lögðu til að reynt yrði að meta þróun starfsmannafjölda opinberra starfsmanna enda ljóst að aðhaldsaðgerðir ríkis og sveitarfélaga gætu haft veruleg áhrif á fjölda starfa. Undir árslok 2010 lá ekki fyrir hvernig ráðuneyti og stofnanir myndu haga aðhaldsaðgerðum sínum og því reyndist erfitt að fá upplýsingar og meta áhrif fyrirhugaðra aðgerða á fjölda starfa. Aftur á móti var nokkru ljósi varpað á þróun síðari ára.

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands, fjármálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasamband Íslands og Bandalags háskólamanna komu að þessari vinnu auk þess sem Hagstofan lagði til mikilvæg gögn og sérþekkingu.

3. Um gildandi kjarasamningana

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari „*halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að*

senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir.“ Almennt er þetta ákvæði virt af samningsaðilum hvort heldur samningar eru gerðir í húsnæði ríkissáttasemjara eða utan þess. Þann 7. febrúar 2012 höfðu 192 kjarasamningar verið skráðir hjá embættinu, sjá **Kjarasamningar 2011**. Einhver vanhöld eru á að aðilar hafi skilað afriti af gerðum samningum og verður haldið áfram að ganga eftir að svo sé gert. Í eftirfarandi töflu koma fram upplýsingar um gildistíma þeirra samninga sem gerðir voru 2011:

Tafla 2: Yfirlit um kjarasamninga hjá sáttasemjara 7. febrúar 2012

Bandalag launþega	Gildistími - þegar samningar renna út 2014						
	31. jan.	31. mars	30. apríl	30. júní	30. sept.	31. des.	Alls
ASÍ	55	11	9	5	3	-	83
BHM	-	24	-	1	-	-	25
BSRB	7	25	-	7	5	-	44
KÍ	-	4	-	2	-	-	6
FFSÍ	1	-	-	1	-	-	2
Utan bandalaga	12	18	-	-	1	1	32
Alls	75	82	9	16	9	1	192

Nýir kjarasamningar hafa nú í byrjun febrúar 2011 verið gerðir fyrir nánast allan vinnumarkaðinn í landinu. Þorri þeirra gildir til fyrsta ársfjórðungs 2014 og aðrir falla úr gildi síðar á árinu. Flugumferðarstjórar gerðu 2 samninga til 31. janúar 2016, annan við SA /Isavia hf og hinn við ríkið.

Mikill fjöldi kjarasamninga er gerður á vinnumarkaði sem telur ekki fleiri en um 180 þúsund manns. Lauslega hefur verið skoðaður fjöldi starfsmanna sem taka laun eða standa að baki einstökum kjarasamningum. Leitað hefur verið til vinnuveitenda jafnt sem stéttarfélaganna um upplýsingar sem hafa góðfúslega verið veittar. Að svo komnu máli liggur aðeins fyrir hvernig þessu er háttað hjá hinu opinbera en það kallar á frekari vinnu að greina almenna vinnumarkaðinn.

Vinnuveitendur á opinbera vinnumarkaðnum búa yfir góðum upplýsingum um (1) *fjölda starfsmanna* sem taka laun samkvæmt tilteknum kjarasamningi, þ.e. fjölda kennitalna. Þetta segir nokkra sögu. En þeir hafa einnig á hraðbergi yfirlit um (2) *fjölda ársverka* (stöðugilda) sem falla undir þann kjarasamning. Nokkuð ber eðlilega á milli því ávallt er nokkur hópur fólks í hlutastarfi. Á opinbera vinnumarkaðnum eru þessar upplýsingar aðgengilegar.

Á almenna vinnumarkaðinn er annað upp á teningnum. Samtök atvinnulífsins (SA) fara með samningsumboð fyrir mikinn fjölda fyrirtækja, oft hópa fyrirtækja og/eða heilla atvinnugreina. Upplýsingar um starfsmannafjölda að baki hverjum kjarasamningi liggja þar ekki fyrir með sama hætti og hjá hinu opinbera.

Önnur leið til að nálgast upplýsingar um fjölda fólks að baki sérhverjum kjarasamningi er að leita til stéttarfélaganna sem jafnan fara með samningsumboð starfsmanna. Stéttarfélögin búa yfir upplýsingum annars vegar um (3) atkvæðaskrár félagsmanna þegar kjarasamningar eru bornir upp og hins vegar um (4) fjölda félagsmanna í hlutaðeigandi stéttarfélagi. Áhugaverðast er að styðjast við atkvæðaskrár um kjarasamninga þegar mat er lagt á fjölda þeirra starfsmanna sem þeir taka til.

Opinberi vinnumarkaðurinn

Að meginefni til fara þrír aðilar með samningsumboð vinnuveitenda við kjarasamningagerð á opinbera vinnumarkaðinum; ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Hver stærðarflokkur í töflu 3 lýsir fjölda ársverka sem liggur að baki hlutaðeigandi kjarasamningi eins og hann er metinn á tilteknum tímamarki 2011.⁴ Í yfirlitinu eru ekki taldir kjarasamningar sem fyrirtæki sveitarfélaganna hafa gert s.s. við orkufyrirtækin.

Hvað sveitarfélögin varðar lætur nærri að samningarnir taki til um 20 þúsund ársverka starfsfólks í þjónustu þeirra. Heildarfjöldi starfsmanna er nokkru meiri vegna þess að ávallt er nokkuð um hlutastörf, fjarvistir og leyfi. Skoðaðir voru 59 kjarasamningar eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 3: Kjarasamningar sveitarfél. flokkaðir eftir fjölda ársverka 2011 og fjölda kjarasamninga

Stærðarflokkun	Fjöldi ársverka	Fjöldi kjarasamninga
< 1.000	13.388	6
500 – 999	1.164	2
300 – 499	2.038	5
150 – 299	1.996	9
75 - 149	668	7
< 75	656	30*
Alls	19.910	59

*17 samningar taka til 25 ársverka eða færri.

Eins og yfirlitið ber með sér lætur nærri að samið sé fyrir 2/3 hluta starfsmanna sveitarfélaganna í 6 kjarasamningum þar sem eiga í hlut stéttarfélög kennara, SFR, Samflot starfsmanna sveitarfélaga, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Efling-stéttarfélag. Hóparnir fara síðan minnkandi og eftirtektarvert er að helmingur samninganna, alls 30, tekur einungis til rúmlega 3% af mannaflanum.

Samningar gerðir af fjármálaráðherra voru flokkaðir með sama hætti og samningar sveitarfélaganna. Upplýsingar liggja fyrir um fjölda ársverka í október 2011 og fjölda einstaklinga sem voru á launaskrá á árinu 2011 en þeir voru rúmlega 20% fleiri en þeir sem voru í starfi í október.

⁴ Samband íslenskra sveitarfélaga m.v. apríl 2011 og Reykjavíkurborg m.v. nóvember 2011.

Tafla 4: Kjarasamningar ríkisins flokkaðir eftir fjölda ársverka 2011 og fjölda samninga

Stærðarflokkun	Fjöldi ársverka	Fjöldi kjarasamninga
< 1.000	10.211	4
500 – 999	2.880	4
300 – 499	339	1
150 – 299	1.102	5
75 - 149	286	3
< 75	504	18*
Alls	15.322	35

*10 samningar taka til 25 ársverka eða færri.

Ríkið hafði ekki lokið öllum kjarasamningum þegar athugunin fór fram en ógerðir samningar breyta ekki meginmyndinni. Svipað og kom fram í athugun á samningum sveitarfélaganna lætur nærri að samið sé við um 85% starfsmanna ríkisins í 8 kjarasamningum. Um helmingur allra kjarasamninga, þ.e. 18 talsins, taka til mjög fárra starfsmanna eða rúmlega 3% af heildinni.

Séu samningar sveitarfélaga og ríkisins skoðaðir samanlagt sést að í 16 kjarasamningum sem taka til fleiri en 500 ársverka (félagsmanna sem starfa á hlutaðeigandi kjarasamningi) er í raun samið við tæplega 80% opinbera vinnumarkaðarins. Aðrir samningar, alls 78, taka til þess sem eftir stendur eða rúmlega 20% vinnumarkaðarins. Þá er þess að geta að 27 samningar taka til hópa þar sem samið er fyrir færri en 25 ársverk í hverjum samningi.

Athugunarefni

Nýgerðir kjarasamningar eru um margt áhugaverðir. Hér gefst ekki ráðrúm til sjálfstæðra athugana en bent skal á nokkur viðfangsefni sem væru gagnleg.

Í fyrsta lagi væri vert að kanna hvort og hve samleitir kjarasamningar gerðir á síðasta ári eru. Almenni vinnumarkaðurinn leiddi samningagerðina á árinu 2011 með undirritun nýs kjarasamnings 5. maí 2011 og aðrir kjarasamningar, bæði á almennum vinnumarkaði og hinum opinbera, fylgdu á eftir. Hvernig kjarasamningar á síðari stigum hafa fylgt þeim meginlínunum sem lagðar voru væri áhugavert að athuga.

Í annan stað væri verðugt að kanna hvort mismunur er á kjarasamningum eftir atvinnugreinum. Afkoma atvinnugreina er æði misjöfn og ræðst af efnahagsaðstæðum og samkeppnisstöðu. Á almenna vinnumarkaðnum eru útflutningsgreinarnar fyrirferðarmiklar og því athugunarefni hvort og að hvaða marki þær greinar leiða kjarapróun í landinu. Í sumum löndum er viðurkennt að greiðslugeta útflutningsgreina er leiðandi um alla kjarapróun í því landi.

Í þriðja lagi þyrfti að skoða áhrif kjarasamninga á efnahagsþróunina. Nýlegir samningar færðu launafólki nokkra kaupmáttaraukningu launa á árinu 2011 m.a. vegna meiri launahækkana í upphafi samningstímabilsins en á síðari hluta þess. Hagfræðileg athugun á því

hvernig lengd samninga og dreifing launahækkana hefur áhrif á efnahagsstöðugleikann væri verðugt viðfangsefni.


Loks má nefna að skoða mætti hvað liggur að baki og hverjir vísa málum fremur en aðrir til sáttasemjara. Eru það fremur stéttarfélagin en vinnuveitendur og er mismunur á hvort þau stéttarfélag starfa innan vébanda landssambanda og bandalaga eða standa utan þeirra?

4. Deilum vísað til ríkissáttasemjara

Á árinu 2011 var 63 málum vísað til sáttameðferðar auk þess voru 4 óleyst mál frá árinu 2010. Alls voru því 67 mál til meðferðar hjá sáttasemjara samanber hjálagt yfirlit: *Sáttamál 2011 og 2010*.

Frá því að núgildandi lög um embætti ríkissáttasemjara tóku gildi hefur fjöldi mála sem vísað er til sáttameðferðar verið æði breytilegur eftir árum, sbr. Mynd 1, en hann ræðst eðlilega af stöðu kjaramála á hverjum tíma og gildistíma samninganna. Aðeins á árinu 1997 var fleiri málum vísað til sáttasemjara eða 101 talsins.

Mynd 1: Árlegur fjöldi mála vísað til ríkissáttasemjara 1980-2011



Hvað árið 2011 varðar voru það stéttarfélagin sem vísuðu málum til sáttasemjara að einu máli frátöldu sem vinnuveitendur vísuðu.

Tafla 5: Yfirlit um vísuð mál 2011 og óleyst mál frá 2010

Úrlausn mála:	Fjöldi mála	Mál frá 2010
1. Samningar staðfestir í atkvæðagreiðslu	48	4
2. Samningar felldir í atkvæðagreiðslu	4	-
3. Samningar felldir í tvígang í atkv.gr.	1	-
4. Mál dregin til baka	4	-
5. Mál ótæk til sáttameðferðar	2	-
6. Samningar án beinnar aðildar sáttasemjara	2	-
7. Sérstakt samkomulag gert	2	-
Alls	63	4

Kjarasamningar í vísuðum málum voru í 4 tilvikum felldir í atkvæðagreiðslu félagsmanna. Þetta voru kjarasamningur starfsmanna ÍSAL og Samtaka atvinnulífsins (SA) vegna Alcan sem gerður var 24. maí 2010 en málinu lauk með nýjum samningi 5. október. Þá felldu félagsmenn íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) samning, sem gerður var 3. júní við SA/Icelandair. Nýr samningur var gerður 19. júlí og hann samþykktur. Samningur Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og SA/Flugfélags Íslands frá 8. júlí var felldur í atkvæðagreiðslu en nýr samningur gerður 4. ágúst og hann samþykktur. Loks er að geta samnings Flugvirkjafélags Íslands (FVFÍ) og SA/Air Atlanta, sem gerður var 26. október og felldur en samningar tókust að nýju 24. nóvember og var sá samningur staðfestur af félagsmönnum í framhaldinu.

Næst er að nefna að Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ) felldi í tvígang samninga við SA/Icelandair. Fyrst var samið 16. september, því næst 5. október en endanlegur samningur komst á 20. október.

Í tveimur tilvikum var kjaradeilu vísað til sáttasemjara eftir að samningar höfðu verið felldir í almennri atkvæðagreiðslu. Annars vegar átti í hlut Félag flugumsjónarmanna (FFM) og SA/Icelandair en félagsmenn felldu samning sem gerður var 18. ágúst. Í kjölfarið var málinu vísað til ríkissáttasemjara til úrlausnar og lauk deilunni með samningi 12. september og samþykki félagsmanna. Hins vegar felldu félagsráðgjafar hjá Reykjavíkurborg samning sem var gerður 31. maí og vísuðu deilunni í framhaldi þar af til sáttasemjara. Niðurstaða náðist 25. september með nýjum samningi sem var samþykktur af félagsmönnum.

Verkfallsaðgerðir

Samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur er stéttarfélögum og félögum atvinnurekenda heimilt að beita verkföllum og verkbönum í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til þess að vernda rétt sinn með tilteknum skilyrðum og takmörkunum. Tilteknar reglur gilda um hvernig staðið er að ákvörðun um vinnustöðvun og á árinu 2011 sýndi sig að mikilvægt er að þær reglur séu virtar. Þá er það skilyrði lögmætrar vinnustöðvunar að samningaviðræður hafi reynst árangurslausar. Ákvörðun um vinnustöðvun á almenna markaðinum ber að tilkynna sáttasemjara og þeim sem hún beinist gegn 7 sólarhringum áður en hún hefst. Önnur tímamörk gilda á opinbera vinnumarkaðinum.

Verkfallsaðgerðir voru boðaðar 16 sinnum. Ýmist var boðað til tímabundinna verkfalla eða ótímabundinna frá tilteknum degi. Af þeim 16 málum sem um ræðir náðust samningar í 10 skipti áður en til verkfalls kom. Í 4 tilvikum var verkfallboðun afturkölluð eða aflýst þó svo samningar lægju ekki fyrir. Verkföll komu til framkvæmdar í þrem deilum, tveim sem var vísað til sáttameðferðar 2011 og í einu máli frá árinu 2010.

Félag íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF) boðaði yfirvinnubann og þjálfunarbann í febrúar 2011 og gekk það í gildi. Þá ákváðu atvinnuflugmenn (FÍA) hjá Icelandair að efna til yfirvinnubanns sem kom til framkvæmdar í júlí 2011. Loks kom til verkfalls hjá félagsmönnum Sjómannafélags Íslands á skipum Hafrannsóknastofnunar sem stóð frá 28. september til 25. nóvember 2011.

Í upphafi árs 2011 ákváðu hlutaðeigandi stéttarfélag að boða til vinnustöðvunar í fiskimjölsverksmiðjum. Deilunni var beint til sáttasemjara á árinu 2010 og var fyrst í óformlegum farvegi sáttameðferðar þar sem deilan varðaði að stórum hluta „fyrirtækjapátt“ þ.e. atriði utan aðalkjarasamnings sem ekki er viðfangsefni ríkissáttasemjara strangt tiltekið. Málinu var hins vegar vísað með formlegum hætti til sáttameðferðar 16. desember 2010 enda undanfari þess að hægt væri að boða til lögmæts verkfalls. Samninganefnd stéttarfélaganna lýsti yfir verkfallaðgerðum 26. janúar 2011 og leitað var heimildar til verkfallsboðunar. Vinnuveitendur gerðu athugasemd við verkfallsboðunina á þeirri forsendu að ákvörðunin stæðist ekki lög þar sem sáttasemjari hafði ekki boðað til formlegs fundar til þess að freista þess að ná niðurstöðu. Þessu sjónarmiði var andmælt af stéttarfélagunum. Vinnuveitendur skutu málinu til meðferðar hjá Félagsdómi og 3. febrúar dæmdi hann verkfallsboðunina ógilda, sbr. mál félagsdóms nr. 2/2011. Fyrir alla hlutaðeigandi þ.e. sáttasemjara og samningsaðila, sýnir þetta hvað miklu varðar að formsatriðum sé fylgt.

Í öðru tilviki reyndi á hvernig staðið var að atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun. Vinnuveitandi, sem í þessu tilviki var ríkið, gerði athugasemd við verkfallsboðun Sjómannafélags Íslands og taldi hana ólögmæta. Í kjölfar þess var boðunin dregin til baka og leitað nýrrar heimildar til verkfallsaðgerða. Í nokkrum tilvikum voru gerðar athugasemdir við lögmæti verkfallsboðunar án þess að frekar væri aðhafst.

Ekki liggur fyrir mat á vinnutapi sem af verkföllunum leiddi, beint og óbeint. Hitt er þekkt að nokkur röskun varð á flugsamgöngum vegna verkfalla og verkfallsboðana sem starfsmenn í fluggeiranum efndu til. Þá frestuðust rannsóknarleiðangrar á vegum Hafrannsóknastofnunar vegna verkfalla sjómanna á skipum stofnunarinnar sem stóð í um tvo mánuði.

5. Heildarstarfsemi að samningamálum

Hjá ríkissáttasemjara er haldið yfirlit um alla samningafundi sem fram fara í húsakynnum embættisins. Þegar unnið er að aðalkjarasamningum fyrir vinnumarkaðinn í heild, eins og var haustið 2010 og einkum 2011, er starfsemin ávallt umfangsmikil.

Alls eru skráðir 1.385 fundir á árinu, þar af eru 389 fundir í málum sem var vísað til ríkissáttasemjara og 996 fundir í málum á vegum stéttarféлага og vinnuveitenda án aðildar

hans. Mikill fjöldi fólks á aðild að kjarasamningagerðinni víðs vegar að af landinu en ekki er haldið yfirlit um þann fjölda í óvísuðum málum. Í vísuðum málum, alls 67 að tölu, störfuðu formlega skipaðar samninganefndir. Í samninganefndum stéttarfélaganna sátu alls 336 einstaklingar og í nefndum vinnuveitenda 354 einstaklingar. Einkum í samninganefndum vinnuveitenda sitja sömu einstaklingar iðulega í mörgum samninganefndum. Minna er um það hjá stéttarfélögunum enda oftast um mjög ólíka hópa að ræða.

Lög kveða á um að ríkissáttasemjara beri að halda yfirlit um sáttafundi í vísuðum málum og skrá fundargerðir að fundum loknum. Eðli máls samkvæmt tekur mislangan tíma að leiða einstök mál til niðurstöðu. Margt kemur hér til. Misjafnt er hvað mikið hefur verið unnið að samningum þegar máli er vísað til sáttameðferðar. Í sumum tilfellum stendur ágreiningur um fá efnisatriði þar sem um önnur atriði hefur náðst samkomulag. Í öðrum tilvikum rís grundvallarágreiningur strax í upphafi samningaviðræðna sem iðulega leiðir til þess að deiluaðilar ákveða jafnvel sameiginlega að vísa deilunni til sáttameðferðar. Sáttasemjara er heimilt að fela deiluaðilum að vinna að málum án hans viðveru telji hann það ráðlegt. Viðræðuáætlun um tilhögun samningagerðarinnar, sem skylt er að gera í aðdragana kjarasamninga, liggur þá gjarnan einnig til grundvallar.

Mismunandi er hve margir fundir eru haldnir áður en samningar nást. Eftirfarandi tafla gefur mynd af þessu:

Tafla 6: Formlegir fundir í vísuðum deilumálum 2011 og 2010

Fundafjöldi	Vísuð mál
1-5 fundir	41
6-10 fundir	12
11-15 fundir	8
15-20 fundir	5
21 fundur eða fleiri	1
Alls	67

Svo sem yfirlitið ber með sér leystust um 2/3 hlutar deilumála á 1-5 formlegum fundum. Önnur mál kölluðu á fleiri fundi og iðulega fjölda óskráðra funda. Tvær deilur á síðastliðnu ári voru tímafrekari en aðrar. Önnur var deila Félags íslenskra flugumferðarstjóra og SA/Isavía hf og hin var milli Flugfreyjufélags Íslands og SA/Icelandair. Í fyrra málinu voru haldnir 23 skráðir fundir og í hinu síðara 19 fundir. Í fyrra málinu stóðu formlegir fundir yfir í 150 klukkustundir á tímabilinu frá desember 2010 til maíloka 2011. Í síðara málinu telst fundartími alls tæpir 70 klukkustundir en viðræður stóðu yfir frá júní og fram undir lok október 2011.

Í lok árs 2011 var staðan sú að sátt hafði náðst í öllum deilumálum sem vísað var til ríkissáttasemjara sem og þeim fjórum málum sem voru óleyst í árslok 2010.

6. Sólheimar í Grímsnesi

Í árslok 2010 var leitað til sáttasemjara um að miðla málum í samningagerð milli Sólheima í Grímsnesi og sveitarfélagsins Árborgar fyrir hönd sveitarfélaganna á Suðurlandi. Samningar milli Sólheima og ríkisins voru fallnir úr gildi og ákvörðun lá fyrir um að ábyrgð á málefnum fatlaðra færðist frá ríkinu til sveitarfélaganna 1. janúar 2012. Fulltrúar Sólheima og Árborgar leituðu eftir aðstoð sáttasemjara við samningagerðina. Þó svo verkefnið falli utan verksviðs ríkissáttasemjara féllst hann á að aðstoða við samningaumleitunir og samningagerð að því gefnu að fylgt yrði verklagi áþekku því sem er í kjaradeilum sem vísað er til sáttameðferðar. Á þetta var fallist. Samninganefndir voru því skipaðar af beggja hálfu.

Fyrri hluti ársins fór í öflun og skoðun á gögnum til þess að af samningi gæti orðið. Þá var ágreiningur um fjárveitingu á árinu 2011 sem þurfti að ná sátt um til þess að af samningum fyrir tímabilið 2012 til 2014 gæti orðið. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fer með veigamikil fjárhagslegt hlutverk við rekstur stofnana sem sinna málum fatlaðra. Því var leitað samstarfs við sjóðinn um lausn ágreinings vegna ársins 2011 með úrskurði nefndar skipaðri af sáttasemjara. Samningar tókust í lok október 2011 með gerð nýs þjónustusamnings og var hann staðfestur af samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi og fulltrúaráði Sólheima í kjölfarið.

Haldnir voru 16 skráðir fundir og kom það einkum í hlut Magnúsar Jónssonar, veðurfræðings að leiða þessar viðræður.

7. Starfsmenn og rekstur

Á launaskrá hjá embætti ríkissáttasemjara árið 2011 voru auk ríkissáttasemjara, Magnúsar Péturssonar, Elísabet S. Ólafsdóttir skrifstofustjóri. Eins og lýst hefur verið leiddi óvenju mikil starfsemi á árinu til þess að nauðsynlegt var að styrkja starfslíðið. Því var Magnús Jónsson veðurfræðingur ráðinn í þriðjungs starf á tímabilinu janúar til ágúst 2011. Sömuleiðis var greitt í tímavinnu fyrir aðstoð við húsvörslu, ræstingu og aðra umsjón þegar annað var óhjákvæmilegt.

Heildarútgjöld hjá embættinu námu tæpum 65,5 m. kr., þar af voru laun 28,5 m.kr. og húsnæðiskostnaður 30,2 m.kr. Annar kostnaður var því 6,8 m.kr. Undir útgjöldunum var staðið með 61,7 m.kr. ríkisframlagi, 0,9 m.kr. sértekjum og gengið var á eignir frá fyrri árum um 2,9 m.kr.

Hjálagt:

Sáttamál 2011.

Sáttamál 2010.

Kjarasamningar gerðir 2011 -Yfirlit yfir kjarasamninga einstakra félaga og sambanda.